



Byggingarlýsing:

ÁSABYGGÐ 4
Landnúmer L166944
Staðgreinir 8710-1-48000040
Hönnunarstjóri: Orri Árnason

Um er að ræða einlyft timburumarhús reist á steypum súlum, byggt árið 1986, 53,8m² að stærð. Árið 1995 var byggð stakstæð geymsla 6,4m² að stærð upp við húsið. Sótt er um stækkun vestan við núverandi hús, stækkunin nemur 44,0 fermetrum.

Eldri hluti hússins er timburhús með mænispaki, byggt á timburplötu. Gluggar eru furugluggar. Viðbygging verður byggð með svipaðri aðferð, einnig úr timburgrind og með léttu timburpaki með gróðurþekju. Húsið verður reist á steipta sökkla sem nýtast sem lagnakjallari með grúsargólf.

Lagnakjallari
Veggir Lagnakjallara verða úr jámbentri steinsteypu, einangraðir að innan með 100mm steinull.

Gólf
Hefðbundið timburgólf, einangrað í grind með 220mm steinull sem fest er með 2mm stálvir sem negldur er upp í sperrur með járnlykkjum. Gipsklætt að neðan með tvöföldu gipsi.

Jarðhæð
Byggingarefni / Burðarkerfi: Burðarkerfi útvegga er 145mm timburgrind sem einangruð er í grind með 145 millimetra steinull. Setja skal upp rakaserru, rafmagnsgrind og klæða veggj að innan með tvöföldi gipsi eða krossvið. Að utan skal klæða með eldfjandi loftunardúk og grind sem klædd verður með standandi áklæðningu.

Þak
Hefðbundið sperruþak, einangrað með 220mm steinull í grind, fest með 2mm vir sem negldur er með lykkjum í sperrur. Loftað samkvæmt reglugerð. Ofan á sperrur er timburdekk sem klætt er viðurkenndum þakdúk, og gróðurþekju sem ljós skal á vatnssöfnunardúk (t.d. takkadúk). Að innanverðu verður loft rakavarið og klætt gipsi.

Léttir innveggir
Hefðbundin gífsveggir eða eldpólar spónaplötur. Plötuklæðningar eru a.m.k. í flokki 2.

Gluggar og úthurðir
Ál/trégluggar og hurðir, allt gler verður tvöfalt einangrunargler (U-gildi amk. 1,35). Í gólfisðum gluggum og glerhurðum skal vera öryggisgler.

Pallur
Verður byggður úr gagnvörðu timbri. Handrið á palli verða úr stáli, rimlahandrið með bili á milli plára að hámarki 89mm. Veggir umhverfis pall verða klæddir með standandi klæðningu með 1cm rifu á milli borða til að tryggja öndun.

Litaval:
Útveggir; dökkgrábrúnir, RAL 7010, Gluggar; dökkgrábrúnir, litur Ral 7010, Handrið; dökkgrábrún, litur Ral 7010

Tæknilegar kröfur:
U-Gildi einstakra byggingarhluta verður í samræmi við gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð, og skulu ekki yfirstigta eftirfarandi hámarks gildi: þak 0,20, útveggur 0,40, gluggar 2,0, gólf 0,3 og vegið meðaltal útveggs 0,85

Hljóðvist:
Lagnastokkar skulu vera þannig frágengnir að þeir uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar um hljóðvist.
Loftstokkar vegna vélrænnar loftræsingar skulu vera þannig frágengnir að þeir uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar um hljóðvist
Vatnshraði í pípum skal ákvarðaður á þann hátt að hljóð frá pípum uppfylli kröfur um hljóðvist, sbr. 11. hluta byggingarreglugerðar sbr. 14.2.10.gr. Gengið skal þannig frá festingum vatnshitakerfa að hreyfing á pípum og rennslishljóð geti ekki myndað hávaða sem berst út í aðliggjandi byggingarhluta og rými, þannig að uppfylltar séu kröfur um hljóðvist í 11. hluta byggingarreglugerðar, sbr. 14.2.10.gr.

Hiti:
Húsið verður upphitað með hefðbundnu ofnakerfi.

Neysluvatn:
Við hönnun neysluvatnskerfa skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar (sjá 14.5.10. gr.). Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði neysluvatnskerfa í byggingum sé ekki það hátt að hætta sé á húðbruna fólks í steypiböðum og baðkerum. Þá skulu vera hitastýrð blöndunartæki á handlaugum í baðherbergjum og snyrtingum sé hitastig neysluvatns það hátt að það geti valdið húðbruna. Hiti við töppunarstaði skal þannig ekki fara yfir 65°C. Þannig skal frá neysluvatnsöngnum bygginga gengið að ekki sé hætta á að bakteríugróður geti þrífist í neysluvatninu.

Loftræsting:
Loftræst verður með opnanlegum gluggafögum þar sem því verður komið við og að auki með vélrænum hætti í baðherbergi og uppfylla kröfur byggingarreglugerðar (sjá 10.2.5. gr.) Loftræssa skal yfir eldavélum með eldhúsviftum með kolasium.

Inntök
Rafmagns- og vatnsinntök verða í lagnakjallara.

Votrými
Öll bün gólfniðurfólum.

Frärennslagnir
Frärennslagnir í jörðu verða CE vottaðar PVC lagnir, lagðar í grunn og upp í gólfplötu. Frärennslagnir í veggjum verða PP pípur. Sýnilegar lagnir í lofti í lagnakjallara verða úr pottjárni. Vatnslagnir verða úr ryðfríum efnum. Við hönnun lagnakerfa skal taka mið af gr. 14.5, eftir því sem við á.

Arinn
Við smíði og frágang á ami og reykháfs skal uppfylla kröfur sem fram eru settar í byggingarreglugerð 112/2012; 9.6.5 gr. þar sem fjallað er um eldstæði og 9.6.6. grein, þar sem fjallað er um reykháfa.

Brunavarnir
Stofa og svefnherbergi skulu bün reykskynjurum og anddyri skal vera slökkvitæki að viðurkenndri gerð. Í eldhúsi skal vera eldvarnarteppi og læstur lyfjaskápur á baðherbergi.

HELSTU STÆRDIR: (Rými í kjallara er óupphitað A-rými með lofthæð undir 180cm)

	Fyrir (brúttó)		Eftir (brúttó)		Mismunur (brúttó)	
	m ²	m ³	m ²	m ³	m ²	m ³
Jarðhæð	53,8	158,2	97,8	295,5	+44,0	+137,3
Kjallari	-	-	(36,5)	(65,3)	(36,5)	+(65,3)
Botnplata	-	10,8	-	19,6	-	+8,8
Samtals	53,8	169,0	97,8	315,1	+44,0	+224,9



Verkheiti: Ásabyggð 4
Teikning: Afstöðumynd, byggingarlýsing

Verkkaupi: Guðlaug F. Stephensen
Arkitekt: Orri Árnason
Teiknað af: óá
Yfirfarið af: óá
Dags: 03.06.2021
Kvarði: 1:500
Stærð: A2
Fjöldi teikn.:3
Teikn.nr.